

25. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn mánudaginn 2. mars kl. 15:30.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Bogi Nils Bogason, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, var fjarverandi.

Aðrir: Ásta Sigrún Magnúsdóttir frá ANR, Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Kristján Skarphéðinsson ráðuneytisstjóri ANR, Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til samþykktar og verður birt á vefsíðu ANR.

2. Áhrif COVID-19 veirunnar á ferðaþjónustu.

Rætt um viðbragðsáætlun stjórnvalda, áhrif COVID-19 veirunnar á ferðaþjónustu og mögulegar sviðsmyndir. Ákveðið að fela verkefnishópi að gera tillögu að undirbúningi á markaðsherferð sem ráðist verður í þegar ferðavilji almennings glæðist á nýjan leik og tækifæri opnast. Ákveðið að vinna málið frekar á næstu dögum og funda aftur þriðjudaginn 10. mars.

3. Önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00.